



BA ritgerð

Guðfræði — djáknanám, BA

Konurnar í Kirkjubæjarklaustri

Þöglir þátttakendur í íslenskri kirkjusögu

Aðalbjörg Pálsdóttir

Leiðbeinandi Arnfríður Guðmundsdóttir
Febrúar 2019



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Guðfræði — djáknanám

Konurnar í Kirkjubæjarklaustri

Pöglir þátttakendur í íslenskri kirkjusögu

Ritgerð til B.A.-prófs

Aðalbjörg Pálsdóttir

Kt.: 1512653599

Leiðbeinandi: Arnfríður Guðmundsdóttir

Febrúar 2019

Ágrip

Á undanförunum áratugum hefur breiður hópur fræðafólks af ólíkum fræðasviðum rannsakað íslenskt klausturhald í víðara samhengi en áður hefur verið gert. Til dæmis hefur fornleifauppgröftur á rústum nokkurra klaustra gefið betri heildarsýn á ytri og innri starfsemi klaustranna og aukið á þekkingu og skilning manna á lífsháttum klaussturfólksins. Vegna þess að fræðasviðin eru margvísleg og ólík eru forsendur rannsókna ólíkar og því ber niðurstöðum þeirra ekki alltaf saman. Aftur á móti hefur skapast víðtækari skilningur á fleiri þáttum viðfangsefnisins. Margt er þó enn á huldu um klausturhald hérlendis og þá sérstaklega innra starf klaustranna og mörgum spurningum er enn ósvarað. Elstu rituðu heimildirnar um íslenskt klausturhald greina að mestu frá ytra starfi klaustranna en upplýsingar um klausurfólkið sjálft eru takmarkaðar. Lítið var ritað um persónulegt líf klausurfólksins nema þá helst ef til stórtíðinda dró um hagi þeirra eða athafnir. Í þessari ritgerð hef ég kosið að styðjast að mestu við þær bækur og rit sem birt hafa niðurstöður nýlegra rannsókna.

Árið 2000 flutti dr. Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessor í samstæðilegri guðfræði með áherslu á kvennaguðfræði, við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands, erindi um þróun rannsókna á þátttöku kvenna í kirkjusögunni. Í lokaorðum erindisins sagði Arnfríður orðrétt:

Kvenblindan heyrir vonandi fortíðinni til. Við getum vænst þess að sú endurskoðun sem nú er hafin leiði af sér vitneskju um fleiri týndar konur, fyrirmyndir sem gefa konum framtíðarinnar von um uppfyllingu fyrirheitis Krists um jafnréttissamfélagið sem hann boðaði í orði og verki.¹

Þessi áskorun Arnfríðar er leiðarljós við mótun rannsóknarspurningar minnar og uppbyggingu ritgerðarinnar. Rannsóknarspurningin mín er hvaða hlutverki í íslenskri kirkjusögu gegndu systurnar í Kirkjubæjarklaustri, hver var saga þeirra og hvernig var daglegu skipulagi klaustursamfélagsins háttað?

¹ Arnfríður Guðmundsdóttir, „Kristnisaga með eða án kvenna“, *Kristni á Íslandi: Útgáfumálþing á Akureyri 15. apríl og í Reykjavík 23. október 2000*, Ágústa Þorbergsdóttir bjó til prentunar, Reykjavík: Skrifstofa Alþingis í samvinnu við Háskólann á Akureyri og ritstjóra Kristni á Íslandi, 2001, bls. 93–100, hér bls. 100.

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1 Brúður Krists.....	4
1.1 Íslensku klaustrin.....	4
1.2 Einsetukonur á Íslandi	4
1.3 Klaustursystur	5
1.4 Nunnurnar	6
1.5 Að gerast nunna.....	9
2 Konurnar í Kirkjubæjarklaustri.....	10
2.1 Abbadísir.....	11
2.2 Halldóra Eyjólfsdóttir abbadís 1186/1189–1210	12
2.3 Plágan mikla.....	14
3 „Að biðja og iðja“ — Boðorð og breytni	15
3.1 Dagskrá klaustursystranna	16
3.1.1 Bækur og rit.....	21
3.1.2 Hannyrðir	23
4 Hvað varð um systurnar í Kirkjubæjarklaustri við siðaskiptin?	24
Lokaorð og niðurstöður	28
Heimildaskrá.....	31

Inngangur

Fljótlega við upphaf djáknanáms míns við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands var mér hugleikið hvernig líf og aðstæður þeirra kvenna sem gengu í klaustur hér á Íslandi á miðöldum var háttað. Stór hluti ritaðra frásagna voru um lífshlaup íslenskra kvenna á miðöldum segja frá ættstórum kvenskörungum og afrekskonum. Þar má lesa um þjóðfélagsstöðu kvenna, ætterni þeirra og afrek. Frásagnir þessar hjálpa til við að átta okkur á hvernig í líf þeirra og störfum var háttað. Minna fer fyrir frásögum af alþýðukonum, konum af lágum þjóðfélagsstigum, sem þó voru í miklum meirihluta íslenskra kvenna á miðöldum.² Ísland var dreifbýlt bændasamfélag þar sem voldugir ættarhöfðingjar vítt og breytt um landið börðust um völd og pólitísk yfirráð.³ Dætur þeirra og synir máttu ekki finna sér maka af lægri þjóðfélagsstigum.⁴ Að gifta sig til hærri metorða var því ekki í boði fyrir fátækar lágstéttastúlkur. Framtíð þeirra kvenna bauð eingöngu upp á áframhaldandi fátækt, oft sem barnmargar bændakonur, vinnukonur eða í versta falli réttindalausar flökkukonur. Erfiðisvinna og öryggisleysi voru oftar en ekki hlutskipti þeirra. Möguleikar þeirra til að hljóta menntun og þá hugsanlega betri lífskjör voru harla litlir en með stofnun nunnuklaustranna tveggja hér á landi hefur þeim opnast leiðir til betra lífs. Eða hvað?

Með ritgerð þessari er markmið mitt að skyggnast inn fyrir þröskuld fyrsta íslenska nunnuklaustursins, Kirkjubæjarklausturs, og kanna hvernig hefðbundinn dagur í lífi klaustursystranna hafi gengið fyrir sig. Einnig rannsaka hvort að klaustrið hafi verið opið þeim ungu stúlkum og konum sem helga vildu líf sitt Drottni, óháð þjóðfélagsstöðu, efnahag og aldri. Hvaða ástæður, atvik eða kringumstæður, gætu hafa leitt til þess að þær gerðust nunnur?

² Gunnar F. Guðmundsson, *Íslenskt samfélag og Rómarkirkja*, Kristni á Íslandi II, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 10.

³ Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum: Klausturhald á Íslandi í fimm aldir*, Reykjavík: Sögufélag: í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands, 2017, bls. 62, 271–272 og 458.

⁴ Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm: Nunnuklaustrin tvö á Íslandi á miðöldum og brot úr kristmisögu*, Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 1988, bls. 238.

1 Brúður Krists

1.1 Íslensku klaustrin

Á rómversk-kaþólskum tíma voru biskupsdæmin tvö hér á landi, Skálholtsbiskupsdæmi og Hólabiskupsdæmi. Biskuparir voru ábyrgðarmenn og æðsta yfirvald klaustranna. Við siðaskiptin voru þau klaustur sem þá voru starfandi lögð niður, árið 1541 í Skálholtsbiskupsdæmi og 1551 í Hólabiskupsdæmi. Munkaklaustrin störfuðu annað hvort eftir reglu heilags Ágústínusar eða heilags Benedikts. Þau voru Þingeyrarklaustur (1133–1551), Munkaþveráklaustur (1155–1551), Þykkvabæjarklaustur (1168–1541), Helgafellsklaustur (1172–1541), Viðeyarklaustur (1226–1539), Möðruvallaklaustur (1296–1551) og Skriðuklaustur (1493–1541). Nunnuklaustrin störfuðu eftir reglu heilags Benedikts: Kirkjubæjarklaustur (1186–1541) og Reynistaðarklaustur (1295–1551).⁵ Benediktsklaustrin voru sjálfstæðar stofnanir undir stjórn abbadís sem höfðu fullt vald í öllum málefnum klaustranna en vegna stjórn mála átaka misstu þau bæði sjálfstæði sitt um tíma. Íslenskir áhrifaríkir ættarhöfðingjar áttust við í pólitískri valdabaráttu sín á milli en einnig deildu þeir við kirkjulegt yfirvald bæði innanlands og utan. Bæði íslensku nunnuklaustrin misstu sjálfstæði sitt um tíma vegna pólitískra átaka sem teygðu sig allt til páfastólsins í Róm. Valdabarátta karlmanna litaði allt pólitískt landslag á Íslandi á tímum klaustranna.⁶

1.2 Einsetukonur á Íslandi

Innan rómversk-kaþólsku kirkjunnar ríkti sú skoðun að konur, sem helguðu sig Guði með einsetulífnaði og skírlífi væru táknmynd brúðar Krists. Eftir að nunnuklaustrin voru stofnsett gerðust þær brúður Krists við nunnuvígslu sína, eftir strangan undirbúning og þjálfun.⁷ Tæplega tvær aldir liðu frá kristnitökunni á Íslandi árið 1000 þar til fyrsta nunnuklaustrið var stofnað hér á landi.⁸ Fram að stofnun nunnuklaustra bjuggu þær konur, sem vildu draga sig í hlé frá veraldlegum kvöðum, t.d. hjónabandi, eða vegna sterkrar

⁵ Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm*, bls. 72, Hjalti Hugason, „Af hverju urðu siðaskiptin hér á Íslandi?“, *Vísindavefur.is*, 24. febrúar 2010, sótt 29. október 2018, af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=16219> og Hjalti Hugason, „Hvernig fór fyrir nunnum og munkum á Íslandi eftir að siðaskiptin áttu sér stað?“, *Vísindavefur.is*, 22. febrúar 2010, sótt 5. desember 2018 af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=29203>.

⁶ Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum.*, bls. 62, 271–272 og 458.

⁷ Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm*, bls. 244.

⁸ Sama rit, bls. 21.

trúarsannfæringar sinnar, einar í litlum og látlausum kofum nærri höfuðkirkjum, biskupssetrum eða munkaklastrum.⁹ Einsetukonur þessar bjuggu yfir miklum trúarstyrk og visku. Þær helguðu sig Guði og þjónustu við hann með bænum sínum og tilbeiðslu. Þær uppfræddu konur og ungar stúlkur í kristnum fræðum og veittu þeim leiðsögn um þrúðmannlegra framkomu. Til þess að varðveita helgun sína héldu þær kyrru fyrir í kofum sínum en þjónuðu til þeirra sem til þeirra leituðu í gegnum glugga.¹⁰ Flestar kvennanna hófu einsetulifnað á efri árum eða þegar þær voru orðnar ekkjur.¹¹

1.3 Klaustursystur

Hér á landi urðu þær konur og ungar stúlkur sem vildu vígjast til nunnu að vera vel efnum búnar og tilheyra efri stigum þjóðfélagsins. Höfðinglegt ætterni þeirra var frumskilyrði til fá inngöngu í nunnuklaustur en að auki urðu þær að greiða með sér hátt framfærslu- og dvalargjald, öðru nafni forgift, og þess var vænst að greitt væri með búsældarlegum og arðbærum hlunnindajörðum sem klaustrinu væri færð til ævarandi eignar.¹² Á miðöldum voru íbúar Íslands að stærstum hluta eignalaus og fátækt bændaalþýða og töldust til lægri stéttar þjóðfélagsins.¹³ Fábrotið ætterni alþýðukvenna útilokaði möguleika þeirra til klausturdvalar, þó þær hefðu sterkan vilja, einlæga trú og alla andlega og líkamlega burði til þess að vígjast til nunnu. Þær gátu aðeins gerst leiksystur eða vinnukonur við klaustrið.¹⁴ Sr. Þórir Stephensen hefur rannsakað hlutverk leiksysstra í íslenskum nunnuklastrum. Telur hann að leiksystur hafi dvalið við klaustrin og unnið

⁹ Hjalti Hugason, *Frumkristni og upphaf kirkju*, Kristni á Íslandi I, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 352 og Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 82.

¹⁰ Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm*, bls. 185–186.

¹¹ *Biskupa sögur* I. bindi, Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1858, bls. 203, 204 og 375 og Hjalti Hugason, *Frumkristni og upphaf kirkju*, bls. 353.

¹² Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm*, bls. 237 og Vilborg Davíðsdóttir, „Konurnar í Kirkjubæ og veruleiki klausturlífsins“, *Af klastrum og kennimönnum í Skaftafellþingi: Erindi flutt á ráðstefnu á Kirkjubæjarklaustri 13–14 mars 1999, sem haldin var að tilhlutan Kirkjubæjarstofu og Skaftafellsprófastsdaemis í tilefni 1000 ára afmælis kristnitöku á Íslandi*, Vík: Sérprent úr Dynskógum riti Vestur-Skaftfellinga 1999, 1999, bls. 56–62, hér bls. 58.

¹³ Hjalti Hugason, „Hvað einkenndi kirkjuna og kristni á Íslandi á miðöldum?“, *Vísindavefurinn*, 17. febrúar 2010, sótt 14. nóvember 2018 af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=30652> og Agnes S. Arnórsdóttir, „Viðhorf til kvenna í Grágás“, Reykjavík: *Sagnir: Tímarit um söguleg efni*, 7/1986, bls. 23–30, hér bls. 28.

¹⁴ Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm*, bls. 238–239 og Vilborg Davíðsdóttir, „Konurnar í Kirkjubæ og veruleiki klausturlífsins“, bls. 58.

ýmis sértæk verkefni fyrir klaustursysturnar. Með vinnuframlagi sínu og verkkunnáttu hafi þær greitt fyrir fæði og húsaskjól.¹⁵ Miðað við umfang hannyrða- og bókagerðar í Kirkjubæjarklaustri er líklegt að leikystur hafi dvalið við klaustrið og séð um stóran hluta grunnvinnu fyrir systurnar þar.¹⁶

Klaustursysturnar unnu ekki sjálfar hin daglegu búslustörf og því var þörf fyrir vinnufólk og leikystur við klaustrið. En þar með var björninn ekki unnin fyrir þær stúlkur sem höfðu löngun til þess að ráða sig til starfa við klaustrið. Feðraveldisreglur miðalda hömluðu sjálfstæði kvenna almennt og því varð stúlkan háð því að faðir hennar eða karlkyns umsjónarmaður veittu henni samþykki sitt og fararleyfi til starfa við klaustrið. Á miðöldum voru karlmenn ríkjandi afl í samfélaginu, feðraveldissamfélag, og voru konur háðar samþykki húsbónda síns, föður, karlkyns umsjónarmann, húsbónda eða eiginmanns, og jafnvel sona sinna. Forgift gat veitt stúlkunni þann sess við klaustrið að fá stöðu leikystur en nunnuvígsla var ekki í boði fyrir stúlkuna. Lág þjóðfélagsstaða og fábrotin ættartengsl stóðu í vegi fyrir því að hún gæti öðlast nunnutilinn.¹⁷ Möguleikar alþýðukvenna til að vinna klausturheitin þrjú, fátækt, hlýðni og skírlífi, og vígjast til nunnu voru engir þótt þeim áskotnaðist fjárhagslegur stuðningur til að greiða forgiftina. Höfðinglegt ætterni var lykillinn að möguleika kvenna til klausturdvalar.

1.4 Nunnurnar

Sennilega hefur klausturvistin ekki verið ákvörðun allra kvennanna sem þar dvöldu. Ákvæði rómversk-kaþólsku kirkjureglunnar og kraftur feðraveldisins gátu neytt eða skikkað konur til klausturdvalar.¹⁸ Agnes Arnórsdóttir segir svo um þjóðfélagsstöðu íslendinga á miðöldum:

Miðaldapjóðfélag var nefnilega þjóðfélag með ólík réttindi og skyldur fyrir frjálsa og þræla, vinnuhjú og húsbændur, þingmenn og goða, konur og karla.¹⁹

¹⁵ Þórir Stephensen, „Próventá í miðaldaklaustrum á Íslandi“, *Skriðuklaustur: Evrópskt miðaldarklaustur í Fljótsdal: Greinasafn*, Fræðirit Gunnarsstofnunar I, ritstj. Hrafnkell Lárusson og Steinunn Kristjánsdóttir, Skriðuklaustur: Gunnarsstofnun, 2008, bls.63–69, hér bls. 67–68.

¹⁶ Lýsingu á grunnvinnu leikysstranna er að finna í köflunum um bókagerð og hannyrðir síðar í ritgerðinni.

¹⁷ Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfádóm*, bls. 238–239, og Agnes S. Arnórsdóttir, „Viðhorf til kvenna í Grágás“, bls. 25–26 og 30.

¹⁸ Sama rit, bls. 26 og 238.

¹⁹ Agnes S. Arnórsdóttir, „Kynferði og saga“, *Sagnir: Tímarit um söguleg efni* 14/1993, ritstj. Sesselja Guðmunda Magnúsdóttir og Þorgerður Hrönn Þorvaldsdóttir, bls. 113–116, hér bls. 114.

Þarna er réttindum kvenna stillt upp sem andstæðu á móti réttindum og valdi karlmannna. Á tímum klaustranna skipaði kirkjan svo fyrir að ef annað hjónanna gengi í klaustur hefði hitt þeirra ekkert val heldur var skyldugt að gera það einnig.²⁰ Nokkrar ástæður gátu legið að baki því að feður sendu dætur sínar til klausturvistar. Stundum var ákvörðunin tekin sameiginlega af báðum foreldrunum en endanlegt ákvörðunarvald lá hjá föðurnum. Ein þeirra ástæðna gat verið sú að ekki hafði fundist álitlegt mannsefni fyrir dótturina. Það þótti ekki til sæmdar að dóttir háttsetts föður væri gift manni sem var skipað neðar henni í virðingarstiganum. Önnur ástæða þess að ungar stúlkur voru sendar til klausturvistar gat verið sú að þó innganga í klaustur væri dýr gat heimanmundur með dóttur til giftingar verið mun kostnaðarsamari. Því gat verið hagstæðast fyrir feður margra dætra að finna boðlegt mannsefni fyrir eina af dætrum sínum en senda hinar í klaustur. Nunnutitilinn veitti konu og fjölskyldu hennar, meiri virðingu í samfélaginu heldur en hún væri ógift og í föðurhúsum. Einhverjar dætur hafa verið sáttar við að ganga í klaustur þar sem klausturlíf og skírlífi voru talin Guði þóknanlegt en hjónaband og kynlíf væri Guði andstyggð.²¹ Í Grágás, lagasafni þjóðveldisins, er þess getið að faðir, eða annar karlkyns forráðamaður stúlku, megi ekki neyða hana í hjónaband ef hún vill heldur ganga í klaustur og vígjast til nunnu.²² Við fyrstu sýn mætti ætla að þarna hafi stúlkum verið gefin kostur á sjálfstæðu vali um framtíð sína. En svo var þó ekki þegar betur er að gáð. Á tímum klaustranna voru ættartengsl og feðraveldi, þ.e.a.s. algert ákvörðunar- og framkvæmdarvald karlmannna, ráðandi í öllu þjóðfélagsmynstri hér á landi. Staða einstaklinga og jafnvel heilu ættanna valt að miklu leyti á því viðhorfi og virðingu sem þeir/þær nutu í samfélaginu.²³ Snerist dóttir gegn vilja föður síns er ólíklegt að hún hefði haft fjárhagslega burði til að fá inngöngu í klaustur þar sem faðir hennar hefur tæplega greitt forgift fyrir hana og alls ekki ef óhlýðni hennar snerti mikilvæg málefni tengdum völdum og virðingu föður eða ættarinnar.²⁴

²⁰ Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm*, bls. 26 og 238.

²¹ Sama rit, bls. 238–239 og Vilborg Davíðsdóttir, „Konurnar í Kirkjubæ og veruleiki klausturlífsins“, bls. 58.

²² Agnes S. Arnórsdóttir, „Viðhorf til kvenna í Grágás“, bls. 23 og 26 og Inga Huld Hákonardóttir, „Í nunnuklaustri: Kirkjubær og Reynistaður“, *Íslenskt samfélag og Rómarkirkja*, Kristni á Íslandi II, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 225–229, hér bls. 225.

²³ Agnes S. Arnórsdóttir, *Viðhorf til kvenna í Grágás*, bls. 25, 26 og 29.

²⁴ Gunnhildur Finnisdóttir, *Helgir steinar: Nunnuklaustrin á Kirkjubæ og Reynistað*, Reykjavík: Sagnir: Tímarit um söguleg efni, 25/2005, bls. 64–69, hér bls. 65.

Samkvæmt Benediktsreglum var nunnnum skylt að sýna abbadís auðmýkt og virðingu. Kæmu nunnurnar of seint til kirkju eða brytu á einhvern aðrar klausturreglur fengu þær harða refsingu frá abbadísinni, bæði í orði og verki. Þær máttu ekki horfa í andlit abbadísarinnar á meðan hún las þeim pistilinn, heldur lúta höfði og taka öllu með auðmýkt og iðrun sem til þeirra var talað og síðan að meðtaka í þögn þá refsingu sem abbadísinn ákvað að hefði brotinu. Skilyrðislaus hlýðni systranna krafðist fullkomins heiðarleika, hreinskilni og algerrar undirgefni undir ströngu agaefirliti abbadísarinnar. Því urðu nunnurnar vikulega að ganga í gegnum þá þungbæru prófraun að fleygja sér kylliflatrí á gólfið við fætur abbadísarinnar í algerri auðmýkt og játa fyrir henni, klaustursystrum sínum og öllum viðstöddum, allt það sem hún mundi eftir að hafa brotið af sér þá vikuna. Gilti þar einu hversu stórt eða smávægilegt brotið var, hún varð að telja upp öll hugsanleg mistök sín, allt frá alvarlegu agabroti til smávægilegra yfirsjóna, hvort heldur hún hafði framkvæmt mistök sín meðvitað eða ómeðvitað. Þegar hin auðmýkta nunna hafði greint frá öllum hugsanlegum yfirsjónum sínum sem hún mundi eftir, var öllum klaustursystrum hennar skylt að greina frá öllu því sem þær vissu að nunnan sem enn lá á grúfu á gólfinu hafði brotið af sér en láðst að nefna. Þó að þetta ferli játningarinnar hafi átt að hafa yfir sér blæ hógvæðar og kærleika er líklegt að það hafi verið sársaukafull stund fyrir hina iðrandi nunnu að játa brot sín og hlusta síðan á framburð klaustursystra sinna. Sjálfsagt hefur það einnig verið þungbært fyrir klaustursystur hennar að þurfa að opinbera ósagðar gjörðir kærs sálufélaga síns.

Refsingar voru notaðar til að kenna klaustursystrum hlýðni og halda uppi öguðu og reglusömu klausturlífi. Abbadís ákvað viðeigandi refsingu við agabroti klaustursystranna. Ein af líkamlegu refsingunum voru öflug og kröftug högg með hrísvendi sem skullu á líkama brotlegar nunnunnar, henni og öðrum systrum til áminningar um mikilvægi skilyrðislausrar hlýðni og undirgefni. Auk sársaukans sem nunnan upplifði af hýðingunni varð hún að þylja upphátt ákveðinn fjölda bæna eða annarra trúartexta til marks um iðrun sína.²⁵ Á slíkum stundum hefur það væntanlega verið nunnu hjálplegt að hafa talnabandið sitt um hálsinn en talnabandið gerði þeim kleift að halda utan um fjölda bænanna og aðra trúarlega texta sem fyrirskipaðir höfðu verið til iðrunar og sáluhjálpar.²⁶

²⁵ Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfádóm*, bls. 260.

²⁶ Sama rit, bls. 269.

1.5 Að gerast nunna

Skólahald eða kennsla fyrir verðandi munka og nunnur hefur sennilega verið starfrækt í öllum íslensku klaustrunum þar sem þau hafa fengið kennslu og þjálfun í þeim siðum og skyldum sem tíðkuðust innan veggja viðkomandi klausturs. Því er sennilegt að í Kirkjubæjarklaustri hafi verið skóli eða aðstaða til kennslu, a.m.k. fyrir þær stúlkur og konur sem ætluðu sér að vígjast til nunnu.²⁷ Öll þjálfun og kennsla hinnar verðandi nunnu hefur farið fram innan veggja klaustursins og hafa allar klaustursysturnar tekið þátt í þjálfun hennar með því að sýna gott fordæmi, leiðbeina og fræða hana um alla þætti klausturlífsins. Hún hefur orðið að læra utanbókar bænir, lestur og skilning latneskra texta, tíðasöng og fengið kennslu og ítarlega útskýringu á klausturreglunni. Mesti þunginn í ábyrgð kennarans hefur legið í þjálfun á hinum andlega þætti klausturlífsins, en hann var öllum nunnunum einna erfiðastur og snerti skapgerð þeirra. Kennarinn þjálfaði hina verðandi nunnu í að tileinka sér daglega siði og venjur klaustursamfélagsins, ástunda kristilega íhugun með því að kyrra hugann og útiloka allt það sem tilheyrði hinu veraldlega lífi utan klausturveggjanna, þjálfar sig í þeirri raun að stilla skap sitt í öllum kringumstæðum, tileinka sér mikinn sjálfsaga og sjálfsstjórn og hlýða skilyrðislaust öllum fyrirmælum abbadísarinnar og klausturreglunnar.²⁸ Þegar hún hafði náð að sýna fram á hæfni sína til að gerast nunna og lifa samkvæmt klausturheitunum þremur um fátækt, hlýðni og skírlífi, þau voru skilyrði til klausturvistar í öllum klastrum af reglu heilags Benedikts, vann hún hið tímabundna klausturheiti. Lokatakmark nýnunnunnar var sjálf nunnuvígslan. Aðeins biskup hafði umboð til að veita nunnuvígslu. Við vígsluna vann hún lokaheiti sitt, einnig nefnt eilífðarheiti, þar sem hún lýsti því yfir í áheyrn safnaðarins, að líf hennar væri helgað Guði að eilífu. Nunnutitillinn var skuldbinding um eilífa dvöl innan veggja klaustursins og nunnan afsalaði sér þeim möguleika að yfirgefa klaustrið og taka aftur upp veraldlegt lífni.²⁹ Innan veggja klaustursins gildi strangur agi klausturreglunnar sem allar systurnar urðu að beygja sig undir.³⁰

²⁷ Þórir Stephensen, „Skólahald í Skriðuklaustri“, *Skriðuklaustur: Evrópskt miðaldarklaustur í Fljótsdal: Greinasafn*, Fræðirit Gunnarsstofnunar I, ritstj. Hrafnkell Lárusson og Steinunn Kristjánsdóttir, Skriðuklaustur: Gunnarsstofnun, 2008, bls. 93–100, hér bls. 94 og 96 og Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm*, bls. 226 og 228.

²⁸ Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm*, bls. 238 og Gunnar F. Guðmundsson, *Íslenskt samfélag og Rómarkirkja*, bls. 221.

²⁹ Sama rit, bls. 24, 238 og 242.

³⁰ Sama rit, bls. 260.

2 Konurnar í Kirkjubæjarklaustri

Fyrsta íslenska nunnuklaustrið var stofnað árið 1186 í Kirkjubæ á Síðu, Kirkjubæjarklaustur. Stofnandi þess var Þorlákur Þórhallsson sem var biskup í Skálholti frá 1178–1193. Halldóra Eyjólfsdóttir, fyrsta abbadís klaustursins, var einnig talin hafa átt þátt í stofnun þess. Margir Íslendingar töldu Þorlák biskup heilagan strax í biskupstíð hans og var heilagleiki hans staðfestur á Alþingi árið 1198. Það var þó ekki fyrr en í upphafi árs 1984 sem Þorlákur biskup Þórhallsson var formlega tekinn í dýrlingatölu innan rómversk-kaþólsku kirkjunnar og var um leið viðurkenndur verndardýrlingur Íslands. Þorlákur biskup dvaldi erlendis við nám í sex ár og sennilega hefur hann kynnst klausturlifnaði þar. Eftir heimkomuna dvaldi Þorlákur í sex ár í Kirkjubæ á Síðu og varð síðar príor í Þykkvabæjarklaustri í Álftaveri.³¹

Ætla mátti að klaustrið hafi verið kærkomið þeim konum sem vildu þjóna Guði og njóta kyrrðar og ró klausturlífsins. Í ljósi þess er undravert hversu lítið var ritað um klaustrið og konurnar sem þar dvöldu. Til marks um hversu lítið var skrifað um stofnun klaustursins og líf systranna þar, og reyndar almennt um konur á miðöldum, má nefna að í þau tæplega 360 ár sem Kirkjubæjarklaustur starfaði, eru aðeins tólf abbadísir og þrjár príorissur nafngreindar í rituðum heimildum. Það eru samtals fimmtán forystukonur við klaustrið. Sagnariturum ber þó ekki saman um tilvist fimm þeirra og því óvíst hvort þær hafi verið til. Nítján nunnur eru nafngreindar og fjórtán eru ónafngreindar, samtals þrjátíu og þrjár nunnur. Af þeim er óvíst um tilvist einnar nunnu sem Katrín eða Kristín hét. Sagan segir að hún hafi verið brennd ásamt annari ónafngreindri nunnu vegna guðlasts og frillulífs á árunum 1343 eða 1344. Seinni tíma fræðafólk álitur þessa sorgarsögu um tilurð brotlegu nunnanna tveggja ekki trúverðuga heldur telja hana vera þjóðsögu og aftaka þeirra hafi aldrei verið framkvæmd.³² Samkvæmt þessari samantekt greina heimildir frá tæplega fimmtíu klaustursysturum og óvíst er um tilurð sex þeirra.³³

Einnig er athyglisvert að skoða þær takmörkuðu heimildir um dvalartíma systranna í klaustrinu. Strax við stofnun klaustursins til loka 12. aldar dettum við niður í holu heimildarleysis því. Ekki hefur þótt ástæða til að skrásetja hvaða konur það voru sem gerðust fyrstu nunnurnar í klaustrinu né heldur hversu margar dvöldu þar fyrir utan

³¹ Sama rit, bls. 18–20.

³² Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 281.

³³ Þær heimildir sem ég styðst við og segja frá atburði þessum gera ráð fyrir að Katrín/Kristín hafi verið nunna í Kirkjubæjarklaustri en hún hafi aldrei brotið af sér né verið brennd.

abbadísina. Sagt er frá láti Guðrúnar príorissu hinnar yngri árið 1217, en ekki er greint frá því hvoru megin við aldarmótin hún hefur vígst til klaustursins.³⁴ Tíu systra er getið í klaustrinu alla 13. öldina og á 14. öld er getið um tuttugu og tvær systur. Átta systra er getið alla 15. öldina og að endingu er getið um sjö klaustursystur fram að lokun klaustursins um miðja 16. öldina.³⁵

2.1 Abbadísir

Efnaðar ekkjur gengu oft í klaustur eftir lát eiginmanna sinna og greiddu með sér talsvert í forgift. Höfðinglegt ætterni þeirra og auður veitti þeim þau réttindi að vígjast til nunnu. Abbadísir og hefðarfrúr voru einu íslensku konurnar sem báru hinn virðulega frúartitil. Sagt var frá andláti þeirra í annálum, líkt og títt var um stórhöfðingja og afreksfólk á miðöldum.³⁶ Lítið er vitað um flestar þær abbadísir eða príorissur sem veittu Kirkjubæjarklaustri forystu. Sagnaritarar skráðu nöfn þeirra í annála sína í tengslum við abbadísarvígslu þeirra eða andlát en líklega vantar nöfn einhverra þeirra.³⁷ Ekkert virðist hafa verið ritað um ríkjandi abbadísir ef engra tíðinda var að fréttu af málefnum klaustursins í stjórnartíð þeirra.³⁸

Líkt og móðir var abbadís fyrirmynd og leiðbeinandi klaustursystranna og gætti þess að þær hlýddu hinum stranga aga klausturreglunnar, ástunduðu daglegar skyldu í helgihaldi og sýndu háttsemi og undirgefni, bæði í orði og verki.³⁹ Prestar og djákni þjónuðu í klausturkirkjunni í Kirkjubæ abbadís hafði hvorki rétt til að sinna helgihaldi og þjónustu sakramentanna né taka nunnur til skrifta.⁴⁰ Skriftir eða játning frammi fyrir Guði í áheyrn presta er eitt sakramentanna innan rómversk-kaþólsku kirkjunnar. Völd abbadísar innan klaustursins náði þó til prestanna því líkt og annað klausturfólk urðu þeir að hlýða abbadísinni í einu og öllu.⁴¹

³⁴ Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm*, bls. 28.

³⁵ Sama rit, bls. 49 og 74–75.

³⁶ Inga Huld Hákonardóttir, „Í nunnuklaustri: Kirkjubær og Reynistaður“, bls. 226.

³⁷ Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm*, bls. 74.

³⁸ Sama rit, bls. 24.

³⁹ Inga Huld Hákonardóttir, „Hvert var helsta hlutverk klaustra á miðöldum?“, *Vísindavefur.is*, 18. maí 2006, sótt 7. desember 2017 af <http://visindavefur.is/svar.php?id=5942>

⁴⁰ Rómversk-kaþólska kirkjan hefur ekki enn, í upphafi 21. aldar, viðurkennt konur í embætti djákna og presta.

⁴¹ Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm*, bls. 259.

2.2 Halldóra Eyjólfsdóttir abbadís 1186/1189–1210

Fyrsta abbadísin í Kirkjubæjarklaustri hét Halldóra Eyjólfsdóttir. Í heimildum er ekki sagt nákvæmlega hveirra manna Halldóra abbadís var nema að hún hafi átt bróðir sem hét Sokki. Hafa þau systkin verið af höfðingjaættum því þeirra er beggja getið í annálum. Það sem meðal annars styður þá tilgátu er annars vegar abbadísartitill Haldóru og hins vegar að getið var um andlát Sokka í annálum en aðeins voru skráð niður dánarár mikilsmetinna einstaklinga eða fólks af höfðingjaættum. Í bók sinni *Allt hafði annan róm áður í páfadóm*, og fjallar um nunnuklaustrin tvö á Íslandi, færir Anna Sigurðardóttir sterk rök fyrir því að þau systkinin, Halldóra abbadís og Sokki, hafi verið óskilgetin börn síra Eyjólfssonar (d. 1158) prests í Odda á Rangárvöllum.⁴² Rökfærsla Önnu er þessi:

Síra Eyjólfur var virtur höfðingi en ókvæntur því kirkjan krafðist algers skírlífis af vígðum þjónum sínum og bannaði þeim að ganga í hjónaband eða eignast börn. En hlýðni kirkjunnar þjóna var takmarkað hvað þetta ákvæði varðar og því áttu flestir þeirra óskilgetin börn með hjákonum sínum. Sem faðir Haldóru er líklegt að síra Eyjólfur hafi tekið hana að sér og veitt henni menntun við skólann í Odda. Þorlákur Þórhallsson var einnig í námi við skólann, líklega samtíða Haldóru, því þau eru talin hafa verið á svipuðum aldri. Talið er að Þorlákur og Halldóra hafi verið mjög ung að árum á námsárum sínum og alist upp saman í Odda líkt og þau væru systkini.⁴³

Formenn Benediktisklaustra voru sjálfstæðir stjórnendur og urðu að búa yfir þeim eiginleikum og hæfni sem klausturreglan krafðist af þeim. Í nunnuklaustrum var það algert frumskilyrði að abbadís væri af höfðinglegum ættum komin. Einnig varð hún að hafa náð þrjátíu ára aldri og lifað skírlífi í þrjú ár, vera vel menntuð og hæfileikarík. Abbadís varð einnig að búa yfir mikilli sjálfstjórn og nákvæmni, vera öguð, skipulögð, stundvís og reglusöm. Hún varð að búa yfir stjórnunar- og leiðtogahæfileikum, vera ströng en búa líka yfir móðurlegum kærleika og geta veitt þjáðum og sorgmæddum sem til hennar leituðu sálgæslu og huggum. Hún varð að vera úrræðagóð, ákveðin og skynsöm, kunna allar skyldur og siði klausturreglunnar, þar með talið helgihaldsins og kunna skil á viðurlögum og refsingum við agabrotum. Abbadís varð að hafa menntun í kristilegum fræðum, latínu, lestri, skrift, reikningi og söng, vera sáttasemjari og hafa hæfileika til að vera bæði kennari og skólastjóri. Hún þurfti að vera lögfróð og vel að sér í gerð ýmiskonar samninga, gæta hagsmuna klaustursins og leiguliða á jörðum í eigu klaustursins, og hafa

⁴² Sama rit, bls. 18 og 22.

⁴³ Sama rit, bls. 21–23.

yfirráð með búrekstri klaustursins og vinnufólks við klaustrið. Þá þurfti hún að kunna skil á gæði jarða og þeirra hlunninda sem klaustrið þurfti á að halda.⁴⁴

Stjórnunarsvið abbadísar utan klaustursins hefur að miklu leyti tengt hagsmunamálum klaustursins þar sem mikilsvirtir karlmenn voru í forsvari, t.d. vegna jarðaviðskipta eða varðandi hagsmunamál klaustursins. Því hefur hún þurft að búa yfir áræðni og sjálfstæði í samskiptum sínum við þá. Lengi mætti áfram telja því listi þessi er ekki tæmandi. Tilgáta Önnu Sigurðardóttur, um ætterni Halldóru abbadísar og skólavistar hennar í Odda, kemur heim og saman við þau skilyrði sem konur þurftu að uppfylla til að fá að bera abbadísartílinn. Í bók sinni, *Leitin að klaustrunum. Klausturhald í fimm aldir*, tekur Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafraeðingur undir með Önnu Sigurðardóttur um hugsanlegt ætterni Halldóru abbadísar.⁴⁵

Þorlákur biskup Þórhallsson þótti strangur yfirmaður og fylgdi fast eftir ströngum reglum og aga kirkjuyfirvalda og gerði strangar kröfur til vígðra þjóna kirkjunnar og klaustranna héraendis um skilyrðislausu hlýðni og skírlífi.⁴⁶ Það mikla traust og sú virðing sem Þorlákur biskup bar til Halldóru Eyjólfsdóttur til að sjá alfarið um stjórn og rekstur fyrsta nunnuklaustursins á Íslandi, jafnvel þó hún sjálf hafi enga reynslu haft af klausturvist, bendir til þess að þau hafi þekkt vel og hann hefur treyst dómgreind hennar og leiðtogahæfileikum.

Samkvæmt rituðum heimildum vígir Þorlákur biskup Halldóru til abbadísar árið 1189 eða þremur árum eftir stofnun klaustursins. Anna Sigurðardóttir telur ástæðuna á bið abbadísarvígslu Halldóru vera þá að hún hafi fyrst þurft að dvelja í klaustrinu í þrjú ár. Steinunn Kristjánsdóttir telur að Halldóra hafi þegar lokið þriggja ára skírlífi í einsetulífi, annað hvort við biskupskirkju eða munkaklaustur og nefnir Þykkvabæjarklaustur í því samhengi. Hafi Halldóra stundað einsetulífnað við Þykkvabæjarklaustur hafa þau Þorlákur getað nýtt þann tíma í undirbúning fyrir stofnun Kirkjubæjarklausturs. Þorlákur biskup hefur líklega kennt Halldóru allt um hið stranga regluverk og helgihald og abbadísinn bar ábyrgð á að framfylgt væri innan veggja klaustursins.⁴⁷ Þorlákur var fyrsti príor og ábóti í Þykkvabæjarklaustri og því kom það í hans hlut að byggja upp og móta

⁴⁴ Sama rit, bls. 21–24, 56–59, 64 og 68–69.

⁴⁵ Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 550.

⁴⁶ Gunnar F. Guðmundsson, *Íslenskt samfélag og Rómakirkja*, bls. 29–37.

⁴⁷ Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm*, bls. 23–24 og Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 276.

innra fyrirkomulag daglegs lífs reglubræðra sinna. Þorlákur hefur væntanlega miðlað Halldóru Eyjólfsdóttur af reynslu sinni þegar hún, tæplega tuttugu árum síðar, stóð í sömu sporum sem fyrsta abbadís Kirkjubæjarklausturs.⁴⁸

Í máldaga klaustursins frá árinu 1397 var getið um fjórar kennslu- eða leiðbeiningabækur fyrir tíðargerðir, hátíðir og daglegar hefðbundnar venjur og siði klausturlífnaðarins. Ekki er vitað hvort Halldóra abbadís hafi haft þessar bækur til að styðjast við þegar hún mótaði innra starf klausturhaldsins í upphafi. Ekkert er minnst á bókæign klaustursins í fyrstu máldögum frá árunum 1218 og 1343. Þorlákur og Halldóra voru bæði frumkvöðlar í þróun og skipulagningu fastmótaðrar dagskrár innan sinna klaustra. Klausturlíf fyrstu íslensku systranna í Kirkjubæjarklaustri hefur sennilega einkennst af þeirri kristilegu þekkingu og gildum sem Halldóra abbadís hafði numið og tileinkað sér.⁴⁹

2.3 Plágan mikla

Í upphafi og í lok 15. aldar bárust til Íslands tvær mannskæðar pestir. Fyrri pestin gekk yfir landið á árunum 1402–1404 og sú síðari 1494–1495.⁵⁰ Árið 1403 náði fyrri pestin til Kirkjubæjarklausturs og dóu þá átta systur af fjórtán í klaustrinu, sjö nunnur og abbadísín sem og stór hluti vinnu- og þjónustufólks við klaustrið. Þegar yfir lauk var höggvið svo stórt skarð í hóp starfsfólks við klaustrið að nunnurnar urðu sjálfar að mjólka kýrnar en sennilega höfðu þær aldrei áður þurft að sjá um mjaltir.⁵¹ Lífið innan veggja klaustursins hefur væntanlega allt farið úr skorðum á meðan pestin gekk yfir og fyrstu árin á eftir. Það hefur áreiðanlega verið þeim sex systurum sem lifðu af pestina erfið lífsreynsla að hjúkra klaustursysturum sínum og abbadís og horfa upp á dauðastríð þeirra og að lokum fylgja þeim til grafar hverri á fætur annari. Ég hef hvernig rekist á hvort eða hve margar af systrunum hafi dáið í síðari plágunni.

⁴⁸ Janus Jónsson, „Um klaustrin á Íslandi“, *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, 8/1887, bls. 174–265, hér bls. 217 og Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm*, bls. 23.

⁴⁹ Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm*, bls. 23, 45 og 52.

⁵⁰ Gunnar Karlsson, „Plágurnar miklu á Íslandi“, Reykjavík: Sögufélag, 1994, Saga: Tímarit Sögufélags, 32/1994, bls. 11–74, hér bls. 70.

⁵¹ Sama rit, bls. 24 og 56.

3 „Að biðja og iðja“ — Boðorð og breytni

Heilagur Benedikt hafði sterka skoðun á daglegu skipulagi klausturfólks áleit að „iðjuleysi væri óvinur sálarinnar“ og að mikilvægt væri að hver stund dagsins væri skipulögð og fastmótuð til að sporna við slæpingshætti og freistingum veraldlegs lífs. Allt daglegt skipulag klaustursamfélagsins hefur verið mótað eftir boðorði hans. Samkvæmt máldaga klaustursins frá árinu 1397 hefur mikið verið til af ýmsum söngbókum í klaustrinu enda tveir nunnukórar. Ein af skyldum klaustursystranna var að taka þátt í guðsþjónustum í klausturkirkjunni með almennum söng og víxlsöng og því hafa þær verið læsar á nótur. Þær sungu maríubænir, hymnur, sálma og sekvensíur, en svo nefndust þeir sálmar sem sungnir voru á undan guðspjallatextanum á hátíðum. Söngur var veigamikill þáttur guðsþjónustunnar og því var mikilvægt að sungið væri vel og fallega Forsöngvari systranna var kölluð *kantrix*. Til merkis um það hversu stór þáttur söngsins var í daglegu lífi klaustursystra þótti Kristjáni III Danakonungi, einnig konungur yfir Íslandi, ástæða til að setja sér ákvæði um sönggleði klaustursystra í kirkjuskipan sem hann lét semja þegar siðbreytingin varð í Danmörku 1536.⁵² Bein tilvitnun í ákvæði danakonungs varðandi söng klaustursystra var á þessa leið:

Nunnurnar mega einnig líka syngja kristilega söngva ... sýnist nauðsynlegra vera að þær syngi nokkuð minna en hingað til og syngi heldur í móðurmáli en á latínu svo þær megi af því líkri iðkan fá nokkuð meir í undirvísan og kynning um Guðs orð þegar þær skilja vel hvað þær syngja og lesa.⁵³

Sólarhringnum í klaustrinu hefur verið skipt upp í sex hluta: miðnætti, dögum, hádegi, nón, aftan og rökkur og hefur hver hluti haft sín sérstöku verkefni: bænagerð, vinna, máltíðir, þagnartími og nætursvefn. Rík áhersla hefur verið lögð á að klaustursysturnar ástunduðu hinar sjö daglegu tíðagjarða sem voru á þriggja tíma fresti alla daga ársins og giltu ströng ákvæði um ástundun á þeim þætti klausturlifnaðarins.⁵⁴

⁵² Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm*, bls. 52 og 71, Gunnar F. Guðmundsson, Íslenskt samfélag og Rómarkirkja, bls. 238 og Hjalti Hugason, „Af hverju urðu siðaskiptin hér á Íslandi?“.

⁵³ Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm*, bls. 71–72.

⁵⁴ Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm*, bls. 259–260 og 270, Gunnar F. Guðmundsson, *Íslenskt samfélag og Rómarkirkja*, bls. 236, Smári Ólason, „Tíðasöngur í klaustrum á Íslandi“, *Skriðuklaustur: Evrópskt miðaldaklaustur í Fljótsdal: Greinasafn*, Fræðirit Gunnarsstofnunar I, ritstj. Hrafnkell Lárusson og Steinunn Kristjánsdóttir, *Skriðuklaustur: Gunnarsstofnun*, 2008, bls. 71–81, hér bls. 71 og Vilborg Davíðsdóttir, „Konurnar í Kirkjubæ og veruleiki klausturlífsins“, bls. 58–59.

3.1 Dagskrá klaustursystranna⁵⁵

Hvort systurnar höfðu verið inni í sjálfri klausturkirkjunni við tíðagjörð eða í látlausu bænahúsi, eins og tíðkaðist í flestum klaustum, er óvíst. Ritmál rómversk-kaþólsku kirkjunnar, og þá klaustranna líka, var latneskt og hefur helgihaldið og tíðagjörðirnar verið fluttar á latínu. Hver stund dagsins hjá systrunum í Kirkjubæjarklasutri var skipulögð og í föstum skorðum alla daga. Á stórhátíðardögum rómversk-kaþólsku kirkjunnar var allt helgihald í klaustrinu með meiri hátíðarblæ.

Miðnætti

Matutinum.⁵⁶ á íslensku nefnist tíðagjörðin óttusöngur hinni fyrri og var hún bæði fyrsta og jafnframt lengsta tíðagjörð dagsins og stóð yfir í nær tvo klukkutíma. Systurnar sungu ýmsa kristilega texta, þar á meðal alls tólf Davíðssálma á viku og á milli söngsins lásu þær úr helgum ritum. Í rómversk-kaþólskri trúarhefð átti hver og einn af hinum mörgu tilbeðnu dýrlingum sérstakan dag helgaðan honum. Á þeim dögum lásu klaustursysturnar upp úr helgum ritum sem innihélt sögu viðkomandi dýrlings. Eftir andlát Þorláks helga Þórhallssonar biskups stofnanda Kirkjubæjarklausturs er líklegt að systurnar hafi sungið Þorlákstíðir á þeim tveimur messudögum sem eru helgaðir honum. Annars vegar þann 20. júlí 1198 er helgur dómur Þorláks, þ.e.a.s líkamsleifar hans, var tekinn úr jörðu og hins vegar á dánardegi hans, en hann lést þann 23. desember 1193, á Þorláksmessu.

⁵⁵ Allt dagsskipulagið er byggt á heimildum eftirfarandi fræðimanna:

Gunnar F. Guðmundsson, *Íslenskt samfélag og Rómarkirkja*, bls. 234–236 og 294, Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, *Trúarhættir: norræn trú, kristni, þjóðtrú*, Íslensk þjóðmenning V, ritnefnd: Haraldur Ólafsson, Jón Hnefill Aðalsteinsson og Þór Magnússon, Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga og höfundar, 1988, bls. 75–339, hér bls. 220–221, Kristján Valur Ingólfsson, „Daglegt líf í klaustri“, *Skriðuklaustur: Evrópskt miðaldaklaustur í Fljótsdal: Greinasafn*, Fræðirit Gunnarsstofnunar I, ritstj. Hrafnkell Lárusson og Steinunn Kristjánsdóttir, Skriðuklaustur: Gunnarsstofnun, 2008, bls. 41–49, hér bls. 43–44 og Smári Ólason, „Tíðasöngur í klaustum á Íslandi“, bls. 71–76.

⁵⁶ Fræða fólk er ekki á einu máli hvenær ræst hefur verið út til fyrstu tíðargjörðar í klaustum hér á landi á miðöldum og virðist tímamunurinn stafa af því hvort miðað hafi verið við árstíðabundna upprisu sólar eða fastmótaða tímasetningu í hefðbundnu Benediktsklaustri. Vegna þessa ósamræmis sleppi ég að tímasetja fyrstu tvær tíðagjörðirnar.

Tíðagjörðin skiptist í þrennt en fernt á hátíðisdögum:

inngangur — 95. Davíðssálmur — hymni (lofgjörð)

næturvaka 1: 3 Davíðssálmur — 3 lexíur með 3 stórum víxlsöngvum

næturvaka 2: 3 Davíðssálmur — 3 lexíur með 3 stórum víxlsöngvum.

Á sunnudögum og stórhátíðum, þe. jóladagur, föstudagurinn langi, páskadagur og hvítasunnudagur bætist þriðja næturvakann við tíðargjörðina:

næturvaka 3: 3 Davíðssálmur — 3 lexíur með 2 stórum víxlsöngvum — *Te Deum laudamus* sem er einn af stærri lofsöngvum — bænir, Faðir vor og blessun.

Hér höfðu klaustursysturnar nokkrar mínútur til þess að hvílast.

Laudes: íslensk þýðing tíðagjörðarinnar er óttusöngur eftri og kom hún strax á eftir

Matutinum en tók mun styttri tíma:

upphaf — 4 Davíðssálmur — 1 lofsöngur úr Gamla testamentinu

kapituli: stuttur ritningarlestur — hymni og lokastef

lofsöngur Sakaríá (Lúkasarguðspjall 1.68–79)

bænir Faðir vor og blessun.

Dögun

Klukkan 6

Prim: íslensk þýðing hennar er miðmorgunstíð (mið morguns tíð: Gunnar og Hjalti). Hér má segja að samfelld dagskrá í klaustrinu hefjist og lauk henni ekki fyrr en rúmlega níu um kvöldið þegar systurnar gengu til náða. Tíðagjörðirnar fjórar: prím, Ters, Sext og Non, sem eru klukkan 6, 9, 12 og 15, eru bæði talsvert styttri og auðveldari en aðrar tíðagjörðir:

upphaf — hymni — 3 Davíðssálmur með einu andstefi (svarsöngur eða viðlag)

kapituli: ritningarlestur með stuttum víxlsöngvum „tónrænar hugleiðingar“ og lokastefi — bænir og blessun.

Morgunmessa: abbadís var ekki heimilt að sinna prestsverkum og því voru nokkrir prestar og djákni starfandi við klaustrið.

Vinna: að lokinni miðmorgunstíð og morgunmessu settust systurnar að vinnu til klukkan níu er þær héldu á ný til kirkju til dagmálatíðar.⁵⁷

⁵⁷ Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm*, bls. 236 og 264 og Gunnar F. Guðmundsson, *Íslenskt samfélag og Rómarkirkja*, bls. 236.

Klukkan 9

Ters: á íslensku nefnist hún dagmálatíð og er tíðin helguð Heilögum anda. Hugsanlega hafa systurnar í Kirkjubæjarklaustri nýtt sér þann möguleika að geta skeytt saman tíðagjörðum þremur, Ters, Sext og Non, til að geta nýtt tímann betur t.d. til hannyrða. Það hefði sérstaklega verið hentugt fyrirkomulag þegar systurnar unnu að hinu stóra og íburðarmikla verkefni við gerð hinna stórkostlegu refra fyrir Vilkin biskup um aldarmótin 1400. Samkvæmt rituðum heimildum voru þær fjölmennastar í klaustrinu á þeim tíma, svo vitað sér, eða fjórtán talsins. Þeim fækkaði síðan um rúmlega helming í hinni mannskæðu pest, Svartadauða, árið 1403:⁵⁸

upphaf — hymni — 3 Davíðssálmar með einu andstefi

kapituli: ritningarlestur með stuttum víxlsöngvum og lokastefi

bænir og blessun.

Hámessa: hér er önnur messa dagsins og krafðist hún þjónustu prests og stundum aðstoðaði djákni prestinn í messunni.⁵⁹

Lestur: í daglegu skipulagi systranna voru tveir fastir lestímar tileinkaðir lestri uppbyggilegra trúartexta Sátu systurnar að lestri þar til fyrri máltíð dagsins var borin fram.

Hádegi

Klukkan 12

Sext: íslensk þýðing tíðagjörðarinnar er miðdagstíð (mið morguns tíð: Gunnar og Hjalti):

upphaf — hymni — 3 Davíðssálmar með einu andstefi

kapituli: ritningarlestur með stuttum víxlsöngvum og lokastefi

bænir og blessun.

Dagverður: fyrsta máltíð dagsins hjá systrunum. Þegar hér er komið sögu höfðu þær verið í ströngu prógrammi í um hálfan sólarhring og höfðu verið án matar frá því um klukkan sjö deginum áður eða í um sautján klukkutíma. Hvort svo naumlega hafði verið skammtað af máltíðum hjá systrunum er ekki vitað. Á meðan klaustursysturnar sátu að snæðingi fékk ein þeirra það hlutverk að lesa úr bókum sögur heilagra manna og kölluðust þær bækur Heilagra manna sögur og lesarinn *lektrix*.⁶⁰

⁵⁸ Sama rit, bls. 49, 54 og 245 og Smári Ólason, „Tíðasöngur í klaustrum á Íslandi“, bls. 75.

⁵⁹ Sama rit, bls. 32 og Gunnar F. Guðmundsson, *Íslenskt samfélag og Rómarkirkja*, bls. 236.

⁶⁰ Sama rit, bls. 265.

Hvöld/vinna: hugsanlegt er að systurnar hafi fengið einhverja hvöld þegar vinnuálagið var sem mest, t.d. yfir sumartímann eða ef verkefni voru mjög krefjandi, en tæplega hefur sú hvöld verið löng og endurnærandi því áframhaldandi vinna beið þeirra. Mörg voru handtökin og miklu þurftu systurnar að koma í verk við framleiðslu á allskonar handiðnum, til dæmis bókagerð og hannyrðir af ýmsu tagi.⁶¹

Nóntíð

Klukkan 15

Non: íslensk þýðing þessarar tíðagjörðar er nóntíð og er hún helguð minningunni um krossdauða Jesú og þeirra sem eru dánir:

upphaf — hymni — 3 Davíðssálmar með einu andstefi
kapituli: ritningarlestur með stuttum víxlsöngvum og lokastefi
bænir og blessun.

Vinna: enn hafa systurnar sest niður við vinnu og hugsanlega lestur líka til að nýta dagsstundirnar sem best og hugsanlega dagsbirtunnar líka ef gluggar hafa verið í klaustrinu.

Aftann

Klukkan 18

Vesper: á íslensku hefur tíðagjörðin verið nefnd aftansöngur og er hún fyrsta næturtíðin en um leið er hún fyrirbæn fyrir komandi degi. Þetta er þriðja tíðagjörðin sem tengd er gangi sólar en hana skal syngja á meðan sólin hnígur til viðar.⁶² Eins og komið hefur fram eru hinar tvær miðaðar við sólarupprás eins og áður hefur komið fram:

upphaf — 5 Davíðssálmar — kapituli með hymna og lokastefi
lofsöngur Maríu (Lúkasarguðspjall 1.47–55) — bænir, Faðir vor og blessun.

Kvöldverður: kvöldverðurinn hefur verið systrunum kærkominn þar sem þær hafa sennilega ekki fengið næstu máltíð fyrr en eftir *Sext*, sem er tíðagjörðin klukkan tólf, og því hefur þeirra næsta máltíð verið í kringum klukkan hálf tvö næsta dag.

Lestur: hér hefur seinni lestrartíminn í dagskrá systranna verið.

⁶¹ Sama rit, bls. 254 og Gunnar F. Guðmundsson, *Íslenskt samfélag og Rómarkirkja*, bls. 236.

⁶² Þó sólsetur hér á landi sé árstíðabundið eins og sólarupprás eru fræðafólk sammála um tímasetningar tíðagjörðarinnar klukkan 18 og því hafa þeir allir tekið miðað af fastmótaðri tímasetningu hennar eins og hún er í hefðbundna Benediktsklaustri.

Rökkur

Klukkan 21

Completorium: þessi tíðagjörð er nefnd nátt söngur. Hún er seinni næturtíðagjörðin og er helguð syndajátningin:

syndajátningin — 3 Davíðssálmar (númer 4, 90 og 133) með einu andstefi — hymni kapituli með stuttum víxlsöng — Lofsöngur Símeons (Lúkasarguðspjall 2.29–32) sérstök bæn og blessun fyrir nóttina
beðið eða sungið andstef eða svarsöngur til Maríu.

Dagskrá systranna lauk með nátt söng í kirkjunni og eftir hann máttu þær ekki mæla orð af munni heldur átti að ríkja alger þögn innan veggja klaustursins. Klaustursysturnar luku þannig deginum með lofsöng til Guðs á vörum sér. Líkt og reglubræður þeirra í Munkaþveráklaustri hafa systurnar trúlega endað daginn á því að syngja bænaversið *Te lucis ante terminum*:

Áður dagurinn endar skær,
alvaldi Guð, þig biðjum vær;
Náð þín, sem ein oss frelsað fær,
fögnuð veitandi sé oss nær.⁶³

Ekki er vitað hvort að systurnar í Kirkjubæjarklaustri sváfu í nunnuklæðum sínum alla nóttina eða hefðu sérstaka vökukonu líkt og erlendir reglubræður þeirra gerðu. Hafi svo verið bar vökukonan ábyrgð á að kirkjuklukkunum væri hringt á nákvæmlega réttum tíma hvort heldur það var vökukonan sjálf sem hringdi klukkunum eða hún hafi ræst abbadísina til verksins. Klukkuhringingin hafði tvöfalda merkingu. Annars vegar var hún ákall til klaustursystranna að mæta tafarlaust til fyrstu tíðagjarðar dagsins í kirkjunni. Hins vegar var klukkuhringingin tákmynd þess er englar himinsins munu þeyta lúðra og kalla saman hina dauðu á degi dómsins. Ástæða þess að sofið var í klausturbúningi alla nóttina var sú að drjúgur tími hefði farið í að klæða sig og systurnar máttu ekki eyða þeim dýrmæta tíma, ætluðum Drottni, heldur skyldu þær halda tafarlaust til kirkju áður en sól reis á himni.⁶⁴ Vera má að klausturbúningurinn hafi líka haldið hita á systrunum þegar kalt var í veðri.

⁶³ Gunnar F. Guðmundsson, *Íslenskt samfélag og Rómarkirkja*, bls. 235.

⁶⁴ Sama rit, bls. 231–232.

3.1.1 Bækur og rit

Kapitulí var einskonar fundarherbergi sem talið er að hafi verið mikilvægt fyrir hvert klaustur og því er næsta víst að í Kirkjubæjarklaustri hafi verið slík vistarvera. Í kapitula voru haldin þing, ýmsir fundir og undirritun skjala og þar hafa abbadísirnar samið og undirritað flesta samninga tengdum klaustrinu, t.d. jarðarsamninga.⁶⁵ Höfðingjar og alþýðufólk leitaði til Kirkjubæjarklaustur eftir aðstoð við gerð og undirritun mikilvægra skjala og eins til fundar bæði með eða án abbadísar.⁶⁶ Eins og greint hefur verið frá hér að ofan lásu klaustursysturnar mikið af kristilegum bókmenntum, bæði við helgihaldið og öðrum stundum dagsins. Allur lestur var talinn eins konar samfélag þekkingar og náms og því ætti sá eða sú sem las ávalt að lesa upphátt. Þegar systurnar lásu upphátt fyrir hvor aðra var hlutverk þeirra mikilvægt fyrir margra hluta sakir. Í fyrsta lagi miðlaði hún efni textanna til klaustursystra sinna og stuðlaði þannig að frekari þekkingu og fræðslu til allra þeirra sem á hlýddu. Í öðru lagi lærðu systurnar innihald textanna með hlustun sinni og gafst þannig tóm til að auka við þekkingu sína. Einu gildi um hvort lesið var í einrúmi eða í áheyrn annara. Í þriðja lagi hafði boðskapur hins lesna texta persónumótandi áhrif á systurnar sem á hlýddu og lesarann. Með því að hugleiða efnið og ígrunda það mótaðist lífssýn þeirra og hafði jákvæð og róandi áhrif á hugsunarhátt og andlega líðan. Í fjórða lagi hafði upplesturinn samfélagslegt gildi, þó systurnar væru ávallt með einhver verkefni milli handanna.⁶⁷

Lestur og bókmenntaleg ástundun var mikilvæg í öllum klaustrum af reglu heilags Benedikts. Með tilliti til bókaeignar klaustursins og fjölda lestíma í daglegu skipulagi systranna er greinilegt að þær höfðu, með einum eða öðrum hætti, helgað bókmenntalegri ástundun drjúgan hluta þess tíma sem eyrnamerktur var vinnuskyldu þeirra. Lestur var tvívegis skráður sem sérstakur liður í daglegu skipulagi systranna og því gert ráð fyrir því að þær tækju þann tíma frá og helguðu sig lestri uppbyggilegra bóka. Samkvæmt klausturreglunni hafa systurnar skipst á að lesa Saltarann, þ.e. Davíðssálma í Biblíunni, og aðrar kristnar bókmenntir á meðan aðrar sátu við vinnu sína og hlýddu á. Þannig hafa systurnar nýtt vinnustundirnar betur og um leið sameinað bæði vinnu og lestur. Eins og

⁶⁵ Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm*, bls. 293–294 og Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 138.

⁶⁶ Inga Huld Hákonardóttir, „Í nunnuklaustri: Kirkjubær og Reynistaður, bls. 226.

⁶⁷ Ásdís Egilsdóttir, „Upphaf bókmenningar“, *Frumkristni og upphaf kirkju*, Kristni á Íslandi I, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 357–359, hér bls. 358.

áður sagði las ein af systrunum sögur heilagra manna á matmálstímum, á meðan klaustursystur hennar sátu að snæðingi. Þannig hlýddu systurnar á og um leið lærðu sögur innlendra og erlendra dýrlinga og helgra manna. Yfir vetrarmánuðina var einn daglegur matmálstími en þeir voru tveir yfir sumarmánuðina. Vinnuálag systranna hefur verið meira á sumrin þar sem dagsbirtan varði lengur og veðurfar var hagstæðara, t.d. til vinnu utan dyra. Til viðbótar við allan þennan daglega lestur systranna bættust við allar þær lestrar- og söngbækur sem fylgdu hinum sjö daglegu tíðagjörðum þar sem þær tóku allar virkan þátt.⁶⁸

Af ofangreindu má sjá að það hefur verið klaustrinu nauðsynlegt að eiga gott safn bóka, til dæmis bækur sem notaðar voru við helgihald í klausturkirkjunni, söngbækur og bækur með sögum heilagra manna. Sennilegt þykir að einhverjar af þeim systur sem bjuggu yfir kunnáttu og hæfileikum, hafi nýtt einhvern hluta af þeim tíma vinnuskyldu sinnar til þess að afrita bækur og jafnvel lýst, þ.e. myndskreytt, einhverjar þeirra. Íslensk þýðing á sögu heilagar Dóróteu frá því um 1500 er verk og handbragð systranna í Kirkjubæjarklaustri. Bókin er gríðarlega mikið ritverk. Bókin um heilaga Dóróteu þykir nægileg sönnun þess að systurnar hafi unnið við afritun og lýsingu bóka þó ekki hafi fundist ótvíræð sönnunargögn þar að lútandi við fornleifauppgröft í rústum klaustranna á árunum 2002–2006. Líklega höfðu klaustursysturnar fengið lánaðar bækurnar til að afrita frá Þykkvabæjarklaustri eða áskotnast þær á einhvern annan máta, til dæmis verið gefnar bækur. Munkaklaustrið í Þykkvabæ í Veri var næsta klaustur við Kirkjubæjarklaustur og þar dvöldu nokkrir munkar sem voru nánir ættingjar Kirkjubæjarsystra.⁶⁹

Það var mikið, tímafrekt og vandasamt verk sem fólst í því að fullgera hverja bók, jafnvel einhver ár ef mikið var um lýsingar og bókin efnismikil, en systurnar urðu sjálfar að vinna þau verk.⁷⁰ Vafalaust hafa verið leiksystemur við klaustrið til að sjá um alla þá miklu og tímafreku grunnvinnu sem lá að baki sjálfri bókagerðinni og hannyrðum systranna. Einnig er líklegt að handlagið vinnufólk af báðum kynjum með góða verkkunnáttu hafi komið að grunnvinnunni.⁷¹ Grunnvinnan fólst meðal annars í því að

⁶⁸ Sama rit, bls. 358 og Gunnar F. Guðmundsson, *Íslenskt samfélag og Rómarkirkja*, bls. 236.

⁶⁹ Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm*, bls. 52 og Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 271 og 292.

⁷⁰ Soffía Guðný Guðmundsdóttir og Laufey Guðnadóttir, „Bókagerð á miðöldum“, *Handritin: Ritgerðir um íslensk miðaldahandrit, sögu þeirra og áhrif*, ritstj. Gísli Sigurðsson og Vésteinn Ólason, Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 2002, bls. 45–61, hér bls. 46 og 57.

⁷¹ Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm*, bls. 228, 238–239.

steypa kerti úr vaxi og tvinnu í það kveik, að verka kálfaskinn til að skrifa textann á, skafa það og mýkja. Trúlega hafa systurnar sjálfar séð um að skera út fjaðrþennanna sem voru skriffæri þess tíma og búið til bleikið til að skrifa og skreyta bækurnar. Hugsanlegt er að bókagerð hafi tekið langan tíma vegna þess að margar af þeim konum sem urðu nunnur hér á landi komu í klaustrin á efri árum sínum og því má gera ráð fyrir að þær hafi verið seinvirkar og jafnvel átt erfitt með að sitja lengi við sökum líkamlegs krankleika, t.d. vegna gigtar eða orðnar sjónþaprari.⁷²

3.1.2 Hannyrðir

Klaustursysturnar í Kirkjubæjarklaustri hafa án efa haldið þetta boðorð hvað vinnuna snertir því eldri sagnaritarar greina frá fjölda verka þeirra og hafa munir tengdir hannyrðum systranna fundist við fornleifauppgröft í rústum klaustursins sem staðfesta frásagnirnar.⁷³ Í Kirkjubæjarklaustri hefur án efa stærstur hluti daglegrar iðju systranna, utan helgihalds, verið framleiðsla vefnaðar og ýmiskonar listrænna hannyrða. Í máldögum klaustursins sést að klaustrið átti meðal annars tugi glitofinna dúka og messuklæða sem prestar og biskupar hafa notað við messur og aðra helgiþjónustu í klausturkirkjunni. Klæði þessi eru talin vera verk klaustursystra.⁷⁴ Það handverk nunnanna í Kirkjubæ sem mest hefur verið skrifað um eru svokallaðir „reflar“ sem Vilkin Hinriksson Skálholtsbiskup (1391–1405) pantaði hjá systrunum. Þó að biskupinn hafi sjálfur lagt til allan kostnað við gerð reflanna hefur öll grunnvinna verið vandasamt og tímafrekt nákvæmniwerk. Því er ekki ólíklegt að stór hópur leiksystra og vinnufólk hafi komið að þeim hluta verksins. Hvert verk var handunnið, allt frá grasatínslu á fjöllum uppi, en grösín voru notuð til að blanda litarefnin sem spuna- og ullarþræðir voru litaðir með og allt til síðasta saumspors.⁷⁵

⁷² Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm*, bls. 53, 165, 228, og 231.

⁷³ Soffía Guðný Guðmundsdóttir og Laufey Guðnadóttir, „Bókagerð á miðöldum, bls. 56–57.

⁷⁴ Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 292.

⁷⁵ Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm*, bls. 45, 47–48, 251–253, Inga Huld Hákonardóttir, „Í nunnuklaustri: Kirkjubær og Reynistaður, bls. 226–227 og Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 297.

⁷⁵ Sama rit, bls. 53–254, 245–246, 253 og 255, Gunnar F. Guðmundsson, *Íslenskt samfélag og Rómarkirkja*, bls. 151 og Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 283.

Grunnvinnuna, þ.e. kertagerð, ullarvinnan og litun þráðanna, hafa vinnukonur staðarins að mestu leyti unnið.⁷⁶ Hafa þær vinnukonur sem vel kunnu til verka og voru vandvirkar verið fengnar til að sjá um grunnvinnuna því hún krafðist nákvæmni til að gæði þráðanna sem spunnið var úr væru sem best. Klaustursysturnar sjálfar þurftu að sjá um undirbúningsvinnuna ef engin af vinnukonunum eða leiksystrunum kunnu nógu vel til verka eða þóttu nægilega vandvirkar. Sérstök grös og jurtir sem notuð voru til að lita spunapræðina hafa verið ræktuð í garði við klaustrið eða sótt annað en blöndun litanna hefur verið framkvæmd af kunnáttukonum úr hópi vinnukvenna klaustursins eða nunnanna sjálfra. Þau grös, mosa, lyng og aðrar jurtir sem þurft hefur að sækja upp um fjöll og dali hafa annað hvort vinnukonur eða vinnumenn sótt og safnað og varð það að gerast á ákveðnum tíma ársins og var meðhöndlað á ákveðinn hátt til að ná sem bestum gæðum litarins. Kertagerðin var einnig tímafrek og vandasamt verk og þar þurftu einnig kunnáttukonur að sjá um verkið til þess að birtan af þeim yrði sem best og kertin og kertapræðirnir væru sem endingarlengst. Kertin voru tvennskonar, bæði tólgarkerti og vaxkerti. Einnig voru mörg handtökin sem þurfti til þess að búa til kertin og voru vaxkertin mun dýrari og gáfu betri birtu. Grunnvinnsla ullarinnar sem notuð var til að spinna þræðina fólst í margþáttuðum athöfnum, til dæmis aðstoðuðu konur oft við að rýja fénaðinn. Þær þvoðu, þurrkuðu, hreinsuðu og kembdu ullina og unnu önnur þau handtök sem til þurfti. Undirbúningsvinnan var einnig mikið nákvæmnisverk og þar hafa þær konur sem sáu um þann þátt ferilsins einnig verið miklar kunnáttu konur og vandvirkar.⁷⁷

4 Hvað varð um systurnar í Kirkjubæjarklaustri við siðaskiptin?

Á tímum siðaskiptanna hér á landi var Ísland undir stjórn Kristjáns III Danakonungus. Árið 1554 tók hann allar eignir íslensku klaustranna á sitt vald og lagði niður starfsemi þeirra, en afhenti eignirnar sérstökum ráðsmönnum til leigu. Ekki er vitað með vissu hvað tók við hjá systurnar á Kirkjubæjarklaustri þegar klausturhald lagðist þar af við lokun þess árið 1554. Bæði þær og allir þeir einstaklingar sem tryggt höfðu sér dvalar- og umönnunarrétt við klaustrið var heimilt að eiga þar aðsetur til æviloka. Þykir sennilegt að þær sex nunnur og abbadís þeirra sem þá dvöldu í klaustrinu hafi setið um kyrrt og

⁷⁶ Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm*, bls. 53.

⁷⁷ Sama rit, bls. 53 og 253 og Anna Sigurðardóttir, *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár*, bls. 286–291 og 325–332.

klaustrinu síðan endanlega lokið hlutverki sínu við andlát þeirra. Hvort tryggð við eilífðarheitið eða ótrygg framtíð þeirra utan klaustursins voru ástæður þess að þær héldu kyrru fyrir er ekki vitað.⁷⁸

Konungur setti fyrirmæli um skyldur og aðbúnað klaustursystra, bæði innan og utan klaustra eftir lokun þeirra. Þar stendur að þær nunnur sem velja að yfirgefa klaustrið og snúa til veraldlegs lífs hafi takmarkað sjálfstæði og fái ekki að taka sjálfstæðar ákvarðanir um framtíðarplön sín. Í raun var þeim einungis heimilt að yfirgefa klaustrið ef þær gengu í hjónaband. Þær höfðu heldur ekkert val um það hvort að þær gengju í hjónaband eða hverjum þær giftust. Hjónabandið og mannsefnið var allt háð vilja og samþykki karlkyns ættingja kvennanna. Þær gengu inn í sömu ríkjandi aðstæður og þær höfðu verið fangar í áður en þær gengu í klaustrið. Utan klaustursins undirgengust þær feðraveldisreglur samfélagsins. Regluverk og hefðir íslensks samfélags höfðu ekkert breyst á meðan þær dvöldu í klaustrinu. Abbadísar- eða nunnutitillinn sem þær höfðu borið innan veggja klaustursins og hafði fært þeim ákveðna virðingarstöðu í samfélaginu breytti engu um stöðu þeirra innan fjölskyldunnar eða almennt úti í þjóðfélaginu. Innan klaustursins giltu reglur konungs sem biskup bar ábyrgð á. Klaustursysturnar urðu að láta af helgihaldi rómversk-kaþólsku kirkjunnar og tileinka sér þess í stað hinar nýju reglur sem fylgdu breyttum trúarsíð. Abbadísinn missti allt veraldlegt vald sem hún hafði áður jafnt utan klaustursins og var það sett í hendur ráðsmanns sem tók allt bú klaustursins á leigu. Biskup átti áfram að vera ábyrgðar- og gæslumaður klaustursystranna. Hann átti að sjá svo um að þær fengju réttmætan aðbúnað, fæði, klæði og húsaskjól og að þær fylgdu réttu helgihaldi. Klaustursysturnar þurftu að læra og tileinka sér síði og reglur lúthersks helgihalds. Messan og allt helgihald átti að fara fram á íslensku tungumáli. Tilgangur þeirrar breytingar var sá að allir áttu að skilja það sem presturinn las úr Biblíunni og einnig að skilja innihald prédikunarinnar. Nunnurnar áttu að syngja mun minna en áður og lögð var áhersla á íslenska sálma í stað þeirra latnesku.⁷⁹

Bannað var að tilbiðja líkneski, myndir og aðra hluti sem fólu í sér tákn dýrlinga og helgra manna. Við siðaskiptin voru daglegar tíðagjarðir hins rómversk-kaþólsks trúariðkunar felldar burt úr helgihaldi hins nýja trúarsíðar, en þær höfðu áður verið sú

⁷⁸ Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfádóm*, bls. 72, Hjalti Hugason, „Hvernig fór fyrir nunnum og munkum á Íslandi eftir að siðaskiptin áttu sér stað?“ og Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 297.

⁷⁹ Sama rit, bls. 70–72.

umgjörð sem allt klausturhald í rómversk-kaþólskri trúarhefð hafði verið byggt á. Tvær tíðagjörðirnar, óttusöngur (eftri) og aftansöngur, héldu áfram en formgerð þeirra og tímasetning breyttust.⁸⁰ Eins og fyrr hefur verið greint frá höfðu systurnar í Kirkjubæjarklaustri varið stórum hluta sólarhringsins við margþætt helgihald hinnar rómversk-kaþólsku trúarhefðar. Helgihaldið í hinum nýja evangelíska lúterska trúarsíð var mun látlausara og margt af því sem verið hafði grundvallar athafnir í bæna- og helgihaldi klaustursystranna var skyndilega með öllu bannað, t.d. lestur upp úr sögum heilagra manna. Mikil breyting hefur því orðið á daglegu skipulegi þar sem þeim var skylt fylgja helgihald hins nýja trúarsíðar. Ólíkt því sem tíðkaðist í öðrum löndum, t.d. í Danmörku, eyðilögðu siðbótarmenn ekki líkneskin af kaþólsku dýrlingunum og myndunum er líklegt að systurnar hafi fengið að halda þeim gersemum sínum, en aðeins sem skrautmunum þar sem þeim hefur verið stranglega bannað að tilbiðja þau. Líklega hafa þó þessir gömlu verndarar verið mikil huggun harmi gegn í öllu því mikla umróti sem siðaskiptin hafa væntanlega haft á félagslega og trúarlega kjölfestu þeirra klaustursystranna.

Hvað tók við hjá systrunum í Kirkjubæjarklaustri eftir að hlutverk klaustursins sem trúarlega stofnun lagðist af. Klausturbyggingin hefur að öllum líkindum verið aðgengileg, að minnsta kosti ekki harðlæst eins og áður hafði verið. Varðveist hefur bréf sem Gissur Einarsson, fyrsti lúterski Skálholtsbiskup, skrifaði til Halldóru Sigvarðardóttur, frænku sinnar og velgjörðarkonu, en hún var síðasta abbadís í Kirkjubæjarklaustri. Í bréfinu, sem skrifað er 1543 eða eftir að siðaskiptin höfðu gengið í gegn í Skálholtsbiskupsdæmi, leggur hann fast að frænku sinni að senda aftur heim hrakta eiginkonu sem klaustursystur höfðu greinilega skotið skjólshúsi yfir. Skilja má innihald bréfsins á þá leið að hin hrakta eiginkona hafði flúið á náðir klaustursystra vegna grófs ofbeldis af hálfu eiginmanns síns heima fyrir. Síðan veit enginn meira því hvergi hafa fundist ritaðar heimildir um afdrif eiginkonunnar eða hvort Halldóra abbadís hafi orðið við tilskipun biskupsins. Af þessu bréfi að dæma má ætla að við siðaskiptin hafi klaustrið opnast að einhverju leyti en kannski hafa örvæntingarfullar konur flúið þangað frá ofbeldi heima fyrir, en um það eru engar heimildir. Einnig er mögulegt að biskup hafi farið fram á að konan yrði send til síns heima þar sem ráðsmanni klaustursins bar aðeins að sjá fyrir fæði og húsnaði þeirra einstaklinga sem átt höfðu rétt á framfærslu við klaustrið fyrir siðaskiptin. Hvorugur

⁸⁰ Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, bls. 221–222 og Smári Ólason, „Tíðasöngur í klaustrum á Íslandi“, bls. 74.

þeirra hafa viljað að straumur flóttakvenna yfirgæfi heimili sín og leitaði sér athvarfs og framfærslu við klaustrið. Sennilega hefði íslenskt samfélag farið á hvolf við að.

Það væri verðugt verkefni að rannsaka daglegt líf þau ár sem systurnar lifðu eftir siðaskiptin, því ekki er ólíklegt að þær hafi fundið farveg fyrir boðorð heilags Benedikts, „að biðja og iðja“, þó regla hans hafi ekki lengur verið leiðandi afl huga þeirra og handa.

Lokaorð og niðurstöður

Sjö munkaklaustur og tvö nunnuklaustur voru starfandi á Íslandi í kaþólskri tíð. Þau voru öll lögð niður við siðaskiptin, 1541 í Skálholtsbiskupsdæmi og 1551 í Hólabiskupsdæmi. Nunnuklaustrin tvö, Kirkjubæjarklaustur (1186–1541) og Reynistaðarklaustur (1295–1551), störfuðu bæði samkvæmt reglu heilags Benedikts. Þjóðfélagsstaða og ættartengsl höfðu sterk áhrif á giftingar og starfsvettvang fólksins í landinu, sérstaklega ungs fólks. Feður eða karlkyns ættingjar réðu hvernig hjónabandsmyndun var háttáð innan ættar sinnar en hjónabandið var ein leið til að styrkja valdastöðu ættarhöfðingja. Konur, og þá sér í lagi ungar stúlkur, höfðu oft en ekki lítil áhrif á val á mannsefni sínu. Konur af háttsettum ættum gátu kosið nunnuvígslu fram yfir hjónaband, en til þess að svo gæti orðið varð að liggja fyrir samþykki ríkjandi karlmanns innan fjölskyldunnar. Klausturvistin var dýru verði keypt og varð að greiða háar upphæðir til klaustursins, helst með góðum hlunnindajörðum. Höfðinglegt ætterni, vegleg eignastaða fjármagns eða jarðeigna og samþykki ríkjandi karlkyns ættingja voru grundvallar forsendur þess að konur ættu kost á því að ganga í klaustur. Möguleiki til klausturdvalar var fyrst og fremst bundinn þjóðfélagsstöðu konunnar. Eignir og samþykki karlmanns höfðu ekkert að segja ef konan tilheyrði lægri stigum þjóðfélagsins. Kirkjubæjarklaustur var því ekki opið öllum konum sem þangað vildu leita.

Feður gátu sent dætur sínar í klaustur ef þeim sýndist svo, t.d. vegna skorts á boðlegu mannsefni eða vegna þess að dæturnar voru of margar og því of kostnaðarsamt að gifta þær allar. Þrátt fyrir hátt gjald forgiftarinnar var heimanmundur með hverri dóttur mun hærri. Ef annað hjónanna, þá af efnuðum og virtum ættum, gengu í klaustur varð hitt að gera það sama. Klausturvistin var því ekki alltaf ákvörðun kvennanna sem þar dvöldu.

Systurnar í Kirkjubæjarklaustri hafa byrjað daginn mjög snemma. Daglegt skipulag þeirra náði frá óttusöng hinum fyrri sem hófst um miðnætti eða á fyrstu klukkustundunum þar á eftir eftir og lauk með náttusöng klukkan níu á kvöldin. Strangur agi klausturreglunnar krafðist þess að systurnar sinntu öllum þáttum klausturlífsins og þeim var skylt að mæta til allra hinna sjö daglegu tíðagjarða sem fóru fram í bænahúsi klaustursins eða í sjálfri klausturkirkjunni. Systurnar hafa verið miklar hannyrðakonur og afrituðu, myndskreyttu og þýddu kristilegar bækur, bæði til að nota við tíðagjarðir og helgihald en einnig til lestrar á öðrum tímum sólarhringsins, t.d. sögur heilagra manna. Við klaustrið voru hýbýli fjölmenns hóps vinnufólks sem störfuðu við klaustrið og á búi þess. Þar hafa sennilega líkað búið nokkrar svokallaðar leiksysstur en þeirra hlutverk var

að sjá um mest alla grunnvinnu til bóka- og handritagerðar fyrir klaustursysturnar ásamt annarri þjónustu fyrir systurnar.

Við gerð ritgerðarinnar velti ég því oft fyrir mér, við hvernig birtuskilyrði systurnar hafi unnið og hver vinnu- eða hvíldaraðstaða þeirra hafi verið í þeim vistarverum, t.d. vefstofunni, þar sem systurnar eyddu mestum hluta af vinnutíma sínum við gerð margvíslegra handiðna sem oft kröfðust mikillar nákvæmni. Upp í huga minn komu spurningar eins og hvort þar hafi verið gluggar svo systurnar gætu nýtt sér dagsbirtuna á meðan hennar naut við, hvort þar hafi verið til staðar gleraugu fyrir þær til að grípa til þegar sjónin fór að daprast, hver hafi verið gæði þeirra stórle eða sæta sem systurnar hafa setið á þegar þær sátu löngum stundum við vinnu sína, og hver hafi verið gæði svefnaðstöðu eða sængurfata sem systrunum var ætlaður þegar þær loksins gátu lagst til hvíldar eftir langann og annasaman dag, í þær fáu klukkustundir sem þær höfðu til svefns áður en nýr dagur hóf göngu sína með endurteknum hætti? Margar kvennanna hafa verið aldraðar ekkjur sem vafalaust voru markaðar á sál og líkama eftir langa og erfiða lífsbaráttu en höfðu gerst nunnur í klaustrinu til að geta „dregið sig frá“ amstri veraldlegs lífs. Þessum spurningum og mörgum öðrum álíkum er enn ósvarað og óvíst hvort einhvern tímann verði hægt að svara þeim sökum skorts á heimildum um konur frá þessum tíma.

Rannsóknarspurningunni sem varpað var fram í byrjun ritgerðarinnar, hvaða hlutverki í íslenskri kirkjusögu gegndu systurnar í Kirkjubæjarklaustri, hver var saga þeirra og hvernig var daglegu skipulagi klaustursamfélagsins háttað, er ekki hægt að svara að öllu leyti vegna skorts á heimildum. Frá trúarlegu sjónarhorni litið má líta svo á að hlutverk þeirra hafi verið að biðja fyrir íslenskri þjóð frammi fyrir Guði með lofgjörð og bænahaldi. hafi lagt sitt að mörkum við að bjarga þjóðinni frá frekari hörmungum. Handiðn þeirra gegndi veigamiklu hlutverki fyrir biskupssetur og hugsanlega aðrar kirkjulegar stofnanir. Þær abbadísir sem heimildir greina frá sýna og sanna að konur voru ekki síðri körlum í stjórnsýslu bæði innan klaustursins og utan þess. Sem forráðamenn og stjórnendur klaustursins hafa abbadísirnar í Kirkjubæjarklaustri sýnt það og sannað að konur voru jafnokar karla í veraldlegri stjórnsýslu. Kannski þær hafi ruggað aðeins bátnum í hinu annars allsráðandi karlaveldi miðaldanna?

Ég tek undir orð dr. Arnfríðar Guðmundsdóttur prófessors, sem minnst var á í inngangi ritgerðarinnar, að með víðsýnni rannsóknnum muni fræðafólki framtíðarinnar svipta hulunni af þeirri blindu sem hún telur að hafi einkennt sagnaritun fyrri alda varðandi þátt og áhrif kvenna á sögu og þróun kristninnar. Orð dr. Arnfríðar fela í sér

hvatningu, og um leið bjartsýni þess efnis að raddir hina týndu kvenna sem voru „þöglir þátttakendur í íslenskri kirkjusögu“ fái loksins að heyrast. Raddir þeirra eiga vafalaust eftir að dýpka þekkingu okkar og skilning á hlutverki þeirra og áhrif í kristnisögunni. Það er trú mín að ritgerð þessi hafi gefið nokkrum þögglum konunum í Kirkjubæjarklaustri örlitla rödd og um leið varpað ljósi á hlutverk íslenskra kvenna í innlendri kirkjusögu.

Heimildaskrá

Ritaðar heimildir:

Agnes S. Arnórsdóttir, „Kynferði og saga“, *Sagnir: Tímarit um söguleg efni* 14/1993, ritstj. Sesselja Guðmunda Magnúsdóttir og Þorgerður Hrönn Þorvaldsdóttir, bls. 113–116.

–

Agnes S. Arnórsdóttir, „Viðhorf til kvenna í Grágás“, Reykjavík: *Sagnir: Tímarit um söguleg efni*, 7/1986, bls. 23–30.

Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm: Nunnuklaustrin tvö á Íslandi á miðöldum og brot úr kristnisögu*, Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 1988.

Anna Sigurðardóttir, *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár*, Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 1985.

Arnfríður Guðmundsdóttir, „Kristnisaga með eða án kvenna“, *Kristni á Íslandi: Útgáfumálþing á Akureyri 15. apríl og í Reykjavík 23. október 2000*, Ágústa Þorbergsdóttir bjó til prentunar, Reykjavík: Skrifstofa Alþingis í samvinnu við Háskólann á Akureyri og ritstjóra Kristni á Íslandi, 2001, bls. 93–100.

Ásdís Egilsdóttir, „Upphaf bókmenningar“, *Frumkristni og upphaf kirkju*, Kristni á Íslandi I, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 357–359.

Biskupa sögur I. bindi, Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1858.

Gunnar F. Guðmundsson, *Íslenskt samfélag og Rómarkirkja*, Kristni á Íslandi II, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000.

Gunnar Karlsson, „Plágurnar miklu á Íslandi“, Reykjavík: Sögufélag, 1994, *Saga: Tímarit Sögufélags*, 32/1994, bls. 11–74.

Gunnhildur Finnsdóttir, „Helgir steinar: Nunnuklaustrin á Kirkjubæ og Reynisstað“, Reykjavík: *Sagnir: Tímarit um söguleg efni*, 25/2005, bls. 64–69.

Hjalti Hugason, *Frumkristni og upphaf kirkju*, Kristni á Íslandi I, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000.

- HjalTI Hugason, „Kristnir trúarhættir“, *Trúarhættir: norræn trú, kristni, þjóðtrú*, Íslensk þjóðmenning V, ritnefnd: Haraldur Ólafsson, Jón Hnefill Aðalsteinsson og Þór Magnússon, Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga og höfundar, 1988, bls. 75–339.
- Inga Huld Hákonardóttir, „Í nunnuklaustri: Kirkjubær og Reynistaður“, *Íslenskt samfélag og Rómarkirkja*, Kristni á Íslandi II, ritstj. HjalTI Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 225–229.
- Janus Jónsson, „Um klaustrin á Íslandi“, *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélag*, 8/1887, bls. 174265.
- Kristján Valur Ingólfsson, „Daglegt líf í klaustri“, *Skriðuklaustur: Evrópskt miðaldaklaustur í Fljótsdal: Greinasafn*, Fræðirit Gunnarsstofnunar I, ritstj. Hrafnkell Lárusson og Steinunn Kristjánsdóttir, Skriðuklaustur: Gunnarsstofnun, 2008, bls. 41–49.
- Smári Ólason, „Tíðasöngur í klaustrum á Íslandi“, *Skriðuklaustur: Evrópskt miðaldaklaustur í Fljótsdal: Greinasafn*, Fræðirit Gunnarsstofnunar I, ritstj. Hrafnkell Lárusson og Steinunn Kristjánsdóttir, Skriðuklaustur: Gunnarsstofnun, 2008, bls. 71–81.
- Soffía Guðný Guðmundsdóttir og Laufey Guðnadóttir, „Bókagerð á miðöldum“, *Handritin: Ritgerðir um íslensk miðaldahandrit, sögu þeirra og áhrif*, ritstj. Gísli Sigurðsson og Vésteinn Ólason, Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 2002, bls. 45–61.
- Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum: Klausturhald á Íslandi í fimm aldir*, Reykjavík: Sögufélag: í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands, 2017.
- Vilborg Davíðsdóttir, „Konurnar í Kirkjubæ og veruleiki klausturlífsins“, *Af klaustrum og kennimönnum í Skaftafellþingi: Erindi flutt á ráðstefnu á Kirkjubæjarklaustri 13–14 mars 1999, sem haldin var að tilhlutan Kirkjubæjarstofu og Skaftafellsprófastsdæmis í tilefni 1000 ára afmælis kristnitöku á Íslandi*, Vík: Sérprent úr Dynskógum riti Vestur-Skaftfellinga 1999, 1999, bls. 56–62.
- Þórir Stephensen, „Próventa í miðaldaklaustrum á Íslandi“, *Skriðuklaustur: Evrópskt miðaldarklaustur í Fljótsdal: Greinasafn*, Fræðirit Gunnarsstofnunar I, ritstj. Hrafnkell Lárusson og Steinunn Kristjánsdóttir, Skriðuklaustur: Gunnarsstofnun, 2008, bls.63–69.

Þórir Stephensen, „Skólahald í Skriðuklaustri“, *Skriðuklaustur: Evrópskt miðaldarklaustur í Fljótsdal: Greinasafn*, Fræðirit Gunnarsstofnunar I, ritstj. Hrafnkell Lárusson og Steinunn Kristjánsdóttir, Skriðuklaustur: Gunnarsstofnun, 2008, bls. 93–100.

Netheimildir:

Hjalti Hugason, „Af hverju urðu siðaskiptin hér á Íslandi?“, *Vísindavefur.is*, 24. febrúar 2010, sótt 29. október 2018 af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=16219>

Hjalti Hugason, „Hvað einkenndi kirkjuna og kristni á Íslandi á miðöldum?“, *Vísindavefurinn.is*, 17. febrúar 2010, sótt 14. nóvember 2018 af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=30652>

Hjalti Hugason, „Hvernig fór fyrir nunnum og munkum á Íslandi eftir að siðaskiptin áttu sér stað?“, *Vísindavefur.is*, 22. febrúar 2010, sótt 5. desember 2018 af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=29203>

Inga Huld Hákonardóttir, „Hvert var helsta hlutverk klaustra á miðöldum?“, *Vísindavefur.is*, 18. maí 2006, sótt 7. desember 2017 af <http://visindavefur.is/svar.php?id=5942>